

Ár 2011, fimmtudaginn 8. desember kl: 19:08 kom stjórn Fasteignafélags Hveragerðis saman til fundar á skrifstofu bæjarins Sunnumörk 2, Hveragerði.

Fundinn sátu Aldís Hafsteinsdóttir, Guðmundur Þór Guðjónsson og Róbert Hlöðversson

Ennfremur sat fundinn Helga Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

1. Fyrirhugað útboð Hamarshallar.

Lögð fram gögn vegna fyrirhugaðs útboðs á sökklum, undirstöðum, lögnum og frágangi utanhúss.

Merihluti stjórnar samþykkir að farið verði í útboðið með eftirfarandi hætti:

Útboð verði auglýst í Fréttablaði og Morgunblaðinu sunnudaginn 18. desember. Einnig í héraðsblöðum, Sunnlenska og Dagskránni, 21. desember. Gögn verði tilbúin til afhendingar 21. desember. Opnun tilboða yrði fimmtudaginn 12. janúar eða mánudaginn 16. janúar 2012.

Verkís verði falið að opna verkefnavef vegna útboðsgagna og úthluta bjóðendum aðgangsorði til að skoða gögn eða prenta út.

Innifalið í útboðinu verði nauðsynleg jarðvinna, gerð steyptra undirstaðna, steyppt plata undir boltagólf og miðsvæði, allar lagnir og frágangur utanhúss í samræmi við útboðslýsingu. Einnig verði jafnað undir gervigras og smíðað aðstöðuhús innandyra.

Róbert Hlöðversson á móti með eftirfarandi bókun.

Með tilliti til afstöðu minnihlutans til þessa verkefnis greiði ég atkvæði gegn fyrirhuguðu útboði og lántöku. Jafnframt lýsi ég því yfir að á næsta fundi bæjarstjórnar mun ég segja mig frá stjórnarsetu í Fasteignafélagi Hveragerðis.

2. Fjármögnun Hamarshallarinnar.

Merihluti stjórnar samþykkir að fela Helgu Kristjánsdóttur, framkvæmdastjóra að kanna möguleika og lánskjör á lánum hjá Lánasjóði Sveitarfélaga.

Róbert Hlöðversson á móti með vísan í fyrri bókun.

Fundargerðin upp lesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:50

Róbert Hlöðversson, (sign)

Aldís Hafsteindóttir, (sign)

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign).

Helga Kristjánsdóttir, (sign).